

E 16/2018

**Fyrirspyrjandi** Norræna þekkingar- og menningarnefndin  
**Til** ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

**Skrifleg fyrirspurn um vistun gagna í heimsskjalasafninu Arctic World Archive**

Þekkingar- og menningarnefndin hefur ákveðið að bera fram skriflega fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlandanna um áhuga þeirra á því að geyma gögn í Arctic World Archive, heimsskjalasafninu á Svalbarða.

Arctic World Archive er í eigu norska ríkisins gegnum kolanámufélagið Store Norske Spitsbergen Kulkompani AS (SNSK). SNSK ber ábyrgð á rekstri, öryggi og aðgangi að þeirri yfirgefðu námu á Svalbarða sem hýsir skjalasafnið. Norska fyrirtækið Piql hefur um sjö ára skeið þróað tækni sem ætlað er að tryggja örugga geymslu á dýrmætum stafrænum gögnum á optískri filmu og til þess notið fjárhagsstuðnings frá rannsóknarráðinu Norsk Forskningsråd og styrkjasjóðum Eurostars, Eureka, Horizon 2020, Innovasjon Norge og Oslofjordfondet.

Skjalasafnið tryggir að stafrænar útgáfur af óbætanlegum menningararfi, t.d. listaverkum, bókmenntum og tónlist, verði varðveittar til framtíðar. Á árinu 2018 vistaði m.a. Þjóðminjasafnið í Ósló stafræna útgáfu af Öskrinu eftir Edvard Munch í safninu, bókasafn Vatíkansins vistaði stafræna útgáfu af handriti Dantes um Hinn guðdómlega gleðileik og þjóðskjalasafn Mexíkós vistaði dýrmætar myndir og skjöl úr mexíkóskri sögu.

Varðveisla gagna á optískri filmu þýðir að gagnalesturinn verður óháður hugbúnaði. Eina sem þarf er myndavél, ljós og tölva. Samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu hafa filmurnar og geymsluboxin verið prófuð og vottuð fyrir varðveislu í að minnsta kosti 500 ár. Rannsóknarstofnun varnarmála í Noregi hefur talið bæði tæknina og þjónustuna koma vel út með tilliti til gagnaöryggis og langtímarvarðveislu samanborið við aðrar aðferðir við varðveislu gagna. Rannsóknarstofnunin mælir með því að gögnin verði varðveitt í öruggum hvelfingum inni í fjöllum. Í ljósi þessa hefur Piql í samráði við SNSK valið heimsskjalasafninu Arctic World Archive stað í námu 3 á Svalbarða. Náman er tilvalin fyrir örugga geymslu þar sem hún er dimm, köld (sífreri), þurr og súrefnislítill.



Svalbarði er einnig tilvalinn fyrir heimsskjalasafn vegna einstakra aðstæðna á eyjaklasanum sem er landfræðipólískt stöðugt og hlut- og herlaust svæði eins og tryggt var með Svalbarðasáttmálanum sem m.a. öll stórveldi undirrituðu. Þar að auki er Svalbarði jarðfræðilega stöðugt svæði.

Annar kostur við geymslutæknina er að gögnin eru ekki nettengd og því geta tölvuþrjótar ekki brotist inn í skjalasafnið. Hver sá sem vistar gögn í safninu og vill endurheimta þau verður að hafa samband við Arctic World Archive sem sendir viðkomandi efnið í gegnum ljósleiðara. Varðveisla gagna á filmu krefst engrar orku ólíkt gagnageymslu á orkufrekum netþjónum.

Í ljósi ofangreinds leggur Norræna þekkingar- og menningarnefndin fram fyrirspurn um eftirfarandi:

Hver er áhugi norrænna ríkisstjórna á að vista óbætanlegt efni í heimsskjalasafninu Arctic World Archive til varðveislu fyrir komandi kynslóðir?

Kaupmannahöfn, 9. janúar 2019

*Johanna Karimäki (grænum),  
formaður Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar*